



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1  
765 Djúpavogi

Djúpavogshreppur  
Páll Jakob Líndal  
Skipulagsfulltrúi  
Bakka 1  
765 Djúpavogur

Djúpavogur, 19. desember 2018  
MÍ201811-0052/ 6.08 / Þ.E.H.

## Efni: Fossárvík, Djúpavogshreppur - lýsing á aðalskipulagsbreytingu

Með tölvubréfi dagsett 14. nóvember óskaði Páll Jakob Líndal, fyrir hönd Djúpavogshrepps, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Djúpavogshrepps. Meðfylgjandi fylgdi greinagerð skipulagslýsingarinnar unnin af Teiknistofu TGJ, dagsett 12. nóvember 2018. Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting snýr að því að vegna fyrirhugaðar uppbyggingar í Fossárvík skuli merking verslunar- og þjónustusvæðis koma í stað landbúnaðarsvæðis og mun hún ná yfir núverandi áningarstað nærri Nykurhyl og áningarstað upp á Fossárklifi. Samhliða breytingu á aðalskipulagi er unnið að deiliskipulagi svæðisins.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir Fossárvíkina af Fornleifastofnun Íslands ses., *Fossárvík í Berufirði. Aðalskráning fornleifa á Eyjólfstöðum og Eiríksstöðum og fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits við neðsta hluta Fossár* (lokaskýrsla útgefin árið 2018, FS717-18141). Alls voru skráðar 15 fornleifar innan deiliskipulagsreitsins. Ekki liggja fyrir upplýsingar um friðuð, friðlýst eða umsagnarskyld hús innan skipulagssvæðisins.

*Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps eins og þær voru kynntar stofnuninni en bendir á athugasemdir sem stofnunin gerir við skipulagslýsingu deiliskipulagstillögu sama svæðis (MÍ201811-0053/ 6.09 / Þ.E.H.). Taka þarf fullt tillit til skráðra menningarminja innan svæðisins en óheimilt er að raska þeim á nokkurnh hátt án leyfis stofnunarinnar. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu þarf að koma til umsagnar hjá Minjastofnun Íslands.*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvæðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Puríður Elísa**  
**Harðardóttir**  
Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

Frekari upplýsingar má fá hjá undirritaðri.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

*Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsfulltrúi Djúpavogshrepps ([skipulag@djupivogur.is](mailto:skipulag@djupivogur.is))

Sveitarstjóri Djúpavogshrepps ([gauti@djupivogur.is](mailto:gauti@djupivogur.is))